

**TILLAGA****Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð**Sendandi:** Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata

---

***Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata við tillögu ungmennaráðs um kennslu í skyndihjálp***

Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að sjá til þess að nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar fái viðunandi fræðslu í skyndihjálp í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

**Greinargerð:**

Á yngsta stigi (1. – 4. bekk) sé aðaláhersla á að kenna börnum helstu öryggis- og umgengnisreglur og mikilvægi þess að farið sé eftir þeim ásamt því að kenna börnum hvernig á að nota símanúmerið 112 og hjálparsíma Rauða krossins, 1717. Þessa fræðslu má setja á dagskrá árlega og nýta ýmis konar námsefni sem til er. Umsjónarkennarar geta annast þá kennslu. Á miðstigi (5. – 7. bekk) og unglíngastigi (8. – 10. bekk) sé skyndihjálpin aðallega tengd skólasundi þar sem sundkennarar kenna nemendum að beita helstu aðferðum skyndihjálpar, endurlífgun og björgun úr vatni eins og aðalnámskrá gerir ráð fyrir. Unglingar fái jafnframt kennslu í að nota helstu björgunaráhöld.